



## SAMRÁÐSFUNDUR ÁSAHREPPS OG RANGÁRÞINGS YTRA

Menningarhúsinu á Hellu - 3. maí 2022 kl. 16:00-17:30

### Dagskrá

1. **Ársyfirlit 2019-2021** – Ágúst/Valtýr.
2. **Oddi bs** – Björk/Sigrún/Ingigerður/Yngvi Karl/Kristín.
3. **Húsakynni bs** – Hjalti/Tómas.
4. **Vatnsveita bs** – Haraldur/Tómas/Guðni
5. **Lundur hjúkrunarheimili** – Valtýr/Unnur.
6. **Þjónustusamningar/Fjármál/Ársreikningar** – Klara/Ragnar/Ágúst
7. Almennar umræður.

### Ársyfirlit

Vegna heimsfaraldurs árin 2020-2022 féllu samráðsfundir niður og eru því lengra tímabil tekið fyrir að þessu sinni. Árin 2019-2021 eru fjórða, fimmta og sjötta heila rekstrarárið eftir gagngera endurskoðun á öllum samstarfsverkefnum sveitarfélaganna sem fram fór árið 2015. Heildarsamkomulag sveitarfélaganna er útfært í s.k. rammasamkomulagi þar sem samstarfið er skilgreint og var rammasamkomulag þetta ásamt með öðrum samningum og samþykktum staðfest og undirritað af sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaga á sameiginlegum fundi þann 15. desember 2015. Samráðsnefnd sveitarfélaganna samanstendur af fullskipuðum sveitarstjórnnum Rangárþings ytra og Ásahrepps. Á samráðsfundi þann 15. nóvember 2021 var ákveðið að fara í endurskoðun á Rammasamningi Rangárþings ytra og Ásahrepps, þ.m.t. samþykktum og þjónustusamningum, og lauk þeirri vinnu 28. febrúar 2022 og voru breytingarnar samþykktar af báðum sveitarstjórnnum í mars 2022. Í starfshópi sem vann að endurskoðuninni sátu þau Björk Grétarsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Egill Sigurðsson og Valtýr Valtýsson.

Samráðsfundur var haldinn þann 11. júní árið 2019 en þar var farið yfir öll sameiginleg verkefni og ársskýrslur 2018 fluttar ásamt með kynningu á ársreikningum fyrir árið 2018.

### Verkefnin

Samstarfsverkefni Rangárþings ytra og Ásahrepps voru árin 2019-2021 rekin með sama sniði og árið áður en árið 2015 átti sér stað gagnger endurskoðun sem greint var frá í ársyfirliti 2017. Byggðasamlögin eru **Oddi bs.** sem heldur utan um rekstur allra grunn- og leikskóla sveitarfélaganna, **Húsakynni bs.**, byggðasamlag um sameiginlegar fasteignir sveitarfélaganna, og **Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.**, byggðasamlag um eignir og rekstur sameiginlegrar vatnsveitu sveitarfélaganna. Þá voru í gildi á árinu eftirtaldir þjónustusamningar: **Þjónustusamningur milli Rangárþings ytra og Ásahrepps** um rekstur frístunda-



og sumarverkefna barna og unglunga og félagsmiðstöð, rekstur gámaplans og umsjón með snjómokstri, umsjón og rekstur sameiginlegra íþróttamannvirkja, umsjón með fasteignagjöldum, sameiginlegum mannvirkjum og landi og fjallskilamálum á Holtamannafrétti; **Þjónustusamningur milli Húsakynna bs. og Rangárþings ytra** um bókhald og fjármálaumsýslu, fasteignaumsjón, rekstur og umsjón með verklegum framkvæmdum; **Þjónustusamningur milli Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. og Rangárþings ytra** um fasteignaumsjón, rekstur og umsjón með verklegum framkvæmdum; og **Þjónustusamningur milli Odda bs. og Rangárþings ytra** um fasteignaumsjón, rekstur og umsjón með verklegum framkvæmdum; Þá voru eftirtaldir samstarfssamningar í gildi: **Samstarfssamningur um fjarskiptainnvíði milli Rangárþings ytra og Ásahrepps** sem er samstarf um uppbyggingu ljósleiðarakerfis og **Samningur um Menningarhús á Hellu** sem er sameiginlegur samningur sveitarfélaganna við sóknarnefnd Oddakirkju um nýtingu hússins og rekstrarstyrk. Að auki komu sveitarfélögin sameiginlega að rekstri og uppbyggingu Lundar, dvalar- og hjúkrunarheimilis ásamt ríkinu.

### Stjórn og starfsmenn

Eftirtalin hafa starfað að helstu samstarfsverkefnum sveitarfélaganna á tímabilinu 2019-2021 auk starfsmanna á skrifstofum, í skólum, hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð.

**Samstarfsnefnd:** Ágúst Sigurðsson, Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Hjalti Tómasson, Margrét H. Guðsteinsdóttir, Steindór Tómasson, Yngvi Harðarson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Brynja J. Jónasdóttir, Guðmundur Gíslason, Egill Sigurðsson og Elín Grétarsdóttir.

**Stjórn Vatnsveitu bs:** Haraldur Eiríksson formaður, Steindór Tómasson, Guðmundur Gíslason. Veitustjóri Guðni G. Kristinsson og ábyrgðarmaður Tómas Haukur Tómasson..

**Stjórn Húsakynna bs:** Hjalti Tómasson formaður, Steindór Tómasson og Brynja J. Jónasdóttir. Umsjónarmaður verkefnis Tómas Haukur Tómasson

**Stjórn Odda bs:** Björk Grétarsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Haraldur Eiríksson og Ásta Berghildur Ólafsdóttir. Starfsmenn stjórnar: Ágúst Sigurðsson og Valtýr Valtýsson. Skólastjórar: Sigurjón Bjarnason/Yngvi Karl Jónsson *Laugalandsskóla*; Sigurgeir Guðmundsson/Kristín Sigfúsdóttir *Grunnskólanum Hellu*; Sigrún B. Benediktsdóttir *Leikskólanum á Laugalandi* og Auður Erla Logadóttir/Rósa Hlín Óskarsdóttir/Ingigerður Stefánsdóttir *Leikskólanum Heklukoti*.

**Stjórn Lundar hjúkrunarheimilis:** Valtýr Valtýsson formaður, Hjalti Tómasson, Yngvi Karl Jónsson og Ásta Berghildur Ólafsdóttir. Forstöðumaður Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og nú tímabundið Unnur Þormóðsdóttir.

**Þjónustusamningar:** Þórhallur Svavarsson/Ragnar Ævar Jóhannsson, Tómas Haukur Tómasson, Guðni G. Kristinsson, Heimir Hafsteinsson, Valtýr Valtýsson, Ágúst Sigurðsson, Klara Viðarsdóttir.



### **Viðaukar**

1. Rammasamkomulag um samstarf sveitarfélaganna Ásahrepps og Rangárbings ytra frá 15.12.2015.
2. Ársreikningar 2019-2021 - Húsakynni bs.
3. Ársreikningur 2019-2021 - Vatnsveita Rangárbings ytra og Ásahrepps bs.
4. Ársreikningur 2019-2021 – Oddi bs.
5. Endurskoðaðar samþykktir og þjónustusamningar mars 2022.